

Útskriftarferð í Skorradal



Útskriftarferð elstu barna í Skorradal er fimmtudaginn 10. maí og föstudaginn 11. maí. Lagt verður af stað frá leikskólanum kl: 9.00 á fimmtudeginum og komið heim aftur á föstudeginum upp úr kl: 14.45/15.00. Mikilvægt er að foreldrar mæti stundvíslega á fimmtudagsmorgninum svo hægt sé að leggja af stað á réttum tíma.

Þegar heim er komið gerum við ráð fyrir að öll börn fari heim í lok ferðarinnar en komi ekki inn í leikskólann í áframhaldandi viðveru. Flest þeirra eru búin að vera lengur en viðvera þeirra segir til um þessa daga og sömuleiðis starfsfólkið. Geti eitthverjir foreldrar ekki leyst föstudaginn með þessum hætti eru þeir beðnir að hafa samband við starfsfólk deildar eða leikskólastjóra og fundin lausn á þeim málum sem þarf að leysa.

Undanfarin ár hafa foreldrar tekið á móti hópnum við heimkomu með fánum /blöðrum sem hefur myndað skemmtilegan ramma við lok ferðar. Það er alfarið í höndum foreldra hvort eða hvernig sú móttaka verður.



Farið er með rútu í Skorradalinn sem síðan fer heim eftir að þangað er komið. Leikskólinn leigir bílaleigubíl sem er á staðnum ef eitthvað skyldi koma upp á sem þyrfti að bregðast skjótt við. Leikskólinn og foreldrafélagið sjá um kostnaðinn við ferðina.

Foreldrar eru hvattir til að ræða heima við börnin og heyra hvort eitthvert þeirra sé kvíðið eða vilji kannski alls ekki fara. Það hefur komið fyrir að börn eða jafnvel foreldrar hafa ekki geta séð þetta ganga upp en á endanum hafa allir farið og komið sælir og glaðir til baka. En einhvern tímann er allt fyrst og mikilvægt að undirbúa börnin vel svo vel takist til.

Börnin taka þátt í að skipuleggja ferðina, t.d. matseðil,viðfangsefni og skemmtun. Þar gefst gott tækifæri til að ræða um hollustu og ýmislegt tengt henni. Kvöldvaka er á fimmtudagskvöldinu og þá eru ratleikir, könnunarferðir um nánasta umhverfi ásamt varðeldi hluti af dagskránni.



Farsími leikskólans er með í för og símanúmerið er **845-3304**. Í þetta númer geta foreldrar hringt ef þeir hafa áhyggjur en eru þó beðnir að stilla því í hóf. Starfsfólk mun hafa samband við foreldra ef illa gengur. Starfsfólk í ferðinni eru starfsmenn Víkur og leikskólastjóri.



Foreldrar fá lista með því sem börnin þurfa að taka með sér í ferðina. Ef einhverjar spurningar vakna er um að gera að leita frekari upplýsinga hjá starfsfólki deildar.

Útskrift elstu barna



Útskrift elstu barnanna er fimmtudaginn 24. maí kl: 16.00 -18.00. Þarna gefst tækifæri til að eiga notalega stund með elstu börnunum og foreldrum þeirra. Í ár, eins og í fyrra, **hefst dagskráin í sal Grundaskóla** þar sem skemmtiatriðin fara fram en börnin leggja jafnan mikla vinnu í þann undirbúning. Kaffiveitingar verða síðan í Garðaseli.

Börnin fá hvert og eitt útskriftarbók með sýnishorni af verkum þeirra ásamt myndadiski með myndum frá leikskóladvöl þeirra í Garðaseli.



Foreldrar leggja til meðlæti á kaffiborðið og þar ákveður hver og einn hvað það verður. Gott er að hafa í huga að ef margir koma með hverju barni er ein kaka / eitt meðlæti kannski ekki nóg ☺



Foreldrafélagið leggur til sérstaka útskriftartertu og leikskólinn leggur til drykki (kaffi, djús, annað sem þarf..).



Með útskriftinni erum við að kveðja börnin og þau okkur. Ekki er gert ráð fyrir því að þau komi með meðlæti síðasta daginn sinn í leikskólanum .

Þannig var það einu sinni og þá kvöddu allt upp í 4 - 6 börn sama daginn og meðlæti kom með þeim öllum þannig að erfitt var að koma þessu öllu fyrir. Þá var erfitt fyrir þau sem kvöddu síðast því þá voru flestir hættir og þeirra kveðjustund með öðrum hætti en þeirra sem hættu fyrstir.

Sundnámskeið fyrir elstu börnin á Víkinni í maílok / eða byrjun júní. Kennari verður Ragnheiður Runólfsdóttir, sundþjálfari.



Frekari upplýsingar verða sendar foreldrum síðar þegar dagsetningar hafa verið ákveðnar

Hjólreiðaferð

Í byrjun júní verður hjólreiðaferð fyrir elstu börnin á Vík. Þennan dag þurfa helst öll börnin að koma með hjól í leikskólann og ekki má gleyma hjálminum. Sum börnin eru enn á tvíhjóli með hjálpardekkjum og það er í góðu lagi. Ef svo vill til að eitthvert barnið á ekki hjól eru foreldrar beðnir að ræða það við starfsfólk deildar og finna sameiginlega út úr því svo allir geti verið með.



Starfsfólk Garðasels þakkar foreldrum elstu barnanna góða og farsæla samfylgd og samstarf í gegnum árin og óskar þeim og börnum þeirra alls velfarnaðar um ókomin ár.

Það hefur verið ómetanlegt að fá að kynnast ykkur og við vonum að ykkur hafi liðið vel með okkur þessi ár.



Útskriftarhópur Garðasels

Börn fædd 2010

Vorið 2015